

## Erindi til bæjarráðs

## Upplýsingar um innsendanda

Nafn

Icelandic Eider ehf.

Kennitala

5611200130

Lögheimili

Reynihlíð 17d

Sveitarfélag

Akureyri

Netfang

arni@icelandiceider.com

Sími

8210394

## Hvert er erindið

Til aðalmanna í bæjarráði Fjallabyggðar.

Icelandic Eider ehf. hefur, eins og flestum ykkar er kunnugt, sinnt æðarvarpinu á Leirutanga sl. tvö ár og mun fyrirtækið sinna því varpi í tvö ár til viðbótar hið minnsta.

Vel hefur til tekist að halda varpinu við og sinna því að kostgæfni. Icelandic Eider ehf. hefur staðið við allt sem af okkur er ætlast við að sinna verkinu og Fjallabyggð hefur hlotið ágætist tekjur fyrir, en Fjallabyggð hafði fram til ársins 2021 aldrei haft tekjur af æðarvörpum í bæjarlandi.

Æðarvarp hefst öllu jafna um mánaðarmótin apríl/maí á hverju vori. Til þess að gera fuglinum gott heimili og svo nýting dúnsins verði sem best er varpsvæðið hreinsað af plasti og öðrum aðskotahlutum, rusl og gras hreinsað úr hreiðrum ásamt fleiri tilfallandi störfum, sem öll eru innt af hendi áður en fuglinn gerir sér hreiður.

Undirrituðum var brugðið þegar hann var staddur á Fjáfrestahátíð Norðanáttar á Siglufirði þann 29. mars sl. þegar honum var litið á Leirutangann og umgengnina þar.

Nú er staðan sú að ekki er unnt að komast að varplandinu á Leirutanga (svæði 227 OP í aðalskipulagi Fjallabyggðar) vegna efnis sem Bás ehf. (kt. 611293-3059) hefur sturtað um allt svæðið. Efnið sem um ræðir er að öllum líkindum ætlað til mölunar en einnig er þarna að finna efni sem inniheldur járnabindingar sem standa í allar áttir og ekki þarf að fara mörgum orðum um þá hættu eða sjónmengun sem stafar að slíku.

Þess ber að geta að svæðið (227 OP) þar sem efnið liggur í haugum er á svæði sem er griðland fugla skv. aðalskipulagi og sömuleiðis í gildandi deiliskipulagi. Á svæðinu, sem skilgreint sem griðland fugla, er einnig að finna vélar og tæki sem liggja um allt svæðið.

Icelandic Eider ehf. hefur ekki látið vélnar og tækin sem liggja um svæðið trufla sig enda hefur ekki komið að sök að þau liggja á svæðinu en þó má deila um bæði lögmæti og fagurfræði þess að hafa slík tæki eins og hráviði í griðlandi fugla. Hins vegar þykir okkur illa, bæði að okkur og öllum bæjarbúum Fjallabyggðar vegið þegar fyrirtæki tekur sig til og sturtar efni um allt griðlandið með tilheyrandi sjónmengun, röskun á svæði og, eins og í þessu tilfelli, heftir aðgang að æðarvarpinu á Leirutanga.

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar er talað um markmið í efnisgrein 3.9 um efnistöku-og efnislosunarsvæði. Fyrsta markmið Fjallabyggðar í þessum málaflokki skv. aðalskipulagi er og ég vitna hér í: (3.9.1) MARKMIÐ - Áhersla á góða umgengni í námum og á efnalosunarsvæðum.

Út frá þessu má bersýnilega sjá fyrsta markmið Fjallabyggðar um efnistöku-og efnislosunarsvæði. Skv. þessu brýtur Bás ehf. í bága við þetta markmið þar sem umgengni er gríðarlega slæm. Ef það er mat bæjarráðs að Bás ehf. haldi góða umgengni á umræddu svæði þá vitnum við aftur í aðalskipulagið þar sem lóð merkt 227 OP er merkt sem griðland fugla.

Hvort Bás ehf. brjóti í bága við markmið Fjallabyggðar um góða umgengni á námum og efnalosunarsvæðum eða séu ólöglega að sturta efni í griðlandi fugla, ætlum við að leyfa bæjarráði Fjallabyggðar að deila um. Hins vegar er það ljóst að eitthvað er Bás ehf. að gera í óþökk Fjallabyggðar og að haugana þarf að moka burt innan þriggja vikna ef Icelandic Eider ehf. á að geta sinnt sínum skyldum gagnvart Fjallabyggð um umhirðu og dúntekju æðarvarpsins á Leirutanga.

Með von um góð viðbrögð og ósk um gleðilega vinnuviku eftir páska,

Fh. Icelandic Eider ehf.  
Árni Rúnar Örvarsson.

Um umsóknina

**Staðfestingarnúmer:** 1335    **Staðfestingarmáti:** Íslykill í gegnum island.is    **Dagsetning:** 6.4.2023 12:32:21